


## 02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

*Ársskýrsla 2020*

*01.04.2021*

*Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari*



## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
2	Nám - Námsframboð .....	3
3	Kennsla og stjórnun .....	4
4	Mannauðsmál .....	4
5	Skjalastjórnun .....	5
6	Græn skref .....	5
7	Sjálfsmat .....	5
8	Afkoma, rekstrarstaða.....	6
9	Árangur af markmiða setningu í stefnumiðaðri áætlun 2020-2022 .....	6
10	Brotthvarf.....	7
11	Samvinna við aðra.....	8
12	Lokaorð .....	9



## 1 Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur starfað frá haustönn 2004. Skólinn er að mestu hreinn bóknámsskóli með áfangakerfi. Skólaárinu er skipt í tvær jafnlangar annir, haust- og vorönn. Við stofnun skólans var horft til nýrra kennsluhátta og var skólabyggingin hönnuð og teiknuð með það í huga. Flest námsrými eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð upplýsingatækni sem er fléttað inn í flesta þætti skólastarfsins. Við höfum þá stefnu að leiðarljósi að vera framsækinn skóli og höfum unnið undanfarið að því að innleiða vandinám ásamt því að halda áfram að þróa leiðsagnarmat. Við höfum lagt áherslu á að vera samkeppnishæf við aðra skóla í fjarnámi þar sem fjöldi nemenda á upptökusvæði skólans sem ljúka grunnskóla er minni en verið hefur en að öllum líkindum er þessi fækkun aðeins tímabundin.

### Nemendur

Innritaðir nemendur voru á 181 á vorönn og 189 á haustönn. Á vorönn voru 26 nemendur útskrifaðir frá skólanum. 25 þeirra luku stúdentsprófi og einn lauk námi á starfsbraut. Á haustönn 2020 voru 15 nemendur útskrifaðir og luku þeir allir stúdentsprófi.

Fjöldi	Vorönn 2020	Haustönn 2020
Nemendur	181	189
Dagskóli/grunnskóli	132	124
Fjarnám/ utanskóli	50	65
Karlar	79	93
Konur	110	95
Útskrifaðir	26	15

## 2 Nám - Námsframboð

Við skólann eru fjórar brautir til stúdentsprófs, þ.e. félags- og hugvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut, íþróttabraut og opin braut til stúdentsprófs. Við skólann er rekin starfsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningu. Einnig er boðið upp á nám á framhaldsskólabraut 1 og 2. Vinna er hafin við nýsköpunar- og frumkvöðlabraut.

Heiti brautar	Fjöldi nemenda vorönn 2020	Fjöldi nemenda haustönn 2020
Félags- og hugvísindabraut	82	61



Framhaldsskólabraut 1	3	4
Framhaldsskólabraut 2	4	19
Íþróttabraut	7	12
Náttúru- og raunvísindabraut	32	23
Starfsbraut	8	9
Opin braut til stúdentsprófs	46	65
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	1
Samtals	183	194

### 3 Kennsla og stjórnun

Við skólann starfa 32 starfsmenn:

- Skólameistari í 100% starfi
- Aðstoðarskólameistari í 75% starfi
- Fjármála- og skrifstofustjóri í 100% starfi
- Námsráðgjafi í 60% starfi
- Deildarstjóri á Patreksfirði í 100% starfi
- Deildarstjóri starfsbrautar í 100 % starfi
- Umsjónarmaður fasteigna í 100% starfi
- Skrifstofufulltrúi í 90% starfi
- Kerfisstjóri í 25% starfi
- Þroskaþjálfari í 100% starfi
- Stuðningsfulltrúi á starfsbraut í Grundarfirði í 100% starfi
- Mannauðsstjóri í 25% starfi
- Kennarar skólans voru 18 í 14 stöðugildum.
- Tveir ræstitæknar í 50% stöðu og 12,5 % stöðu
- Tveir matráðar í 100% stöðu og 62% stöðu

### 4 Mannauðsmál

Við höfum það sem stefnu að efla FSN sem góðan vinnustað. Við stofnunina vinnur mannauðsstjóri í 25% starfshlutfalli og við höfum mótað mannauðsstefnu og reynum af fremsta megna að stuðla að aukinni starfsánægju og fækkun fjarvista.



Fjölbrautaskóli Snæfellinga hlaut [jafnlaunavottun](#) 13.mars 2020 og vottunarúttekt 19.janúar 2021. Við stefnum að því að viðhalda jafnlaunavottun, sbr. lög nr 56/2017, og fylgja eftir aðgerðaáætlun um úrbætur.

Á árinu hefur verið unnið við að yfirfara stefnur og skrifa nýjar s.s. endurmenntunarstefnu, fjölmenningsstefnu, forvarnarstefnu, gæðastefnu, jafnréttisstefnu, launa- og jafnlaunastefnu, persónuverndarstefnu, umhverfisstefnu, þjónustustefnu og lýðheilsustefnu. Þessi vinna mun halda áfram og ekki síður munum við fylgja eftir stefnumiðum skólans í einstökum málaflokkum varðandi innleiðingu og eftirfylgd.

Þá er hafin vinna við undirbúning á endurskoðun á stefnu skólans með það að markmiði að skerpa á helstu stefnumiðum, megingildum og framtíðarsýn. Settar hafa verið [áætlanir](#) til næstu þriggja ára sbr 31.gr. laga um opinber fjármál.

## 5 Skjalastjórnun

Málalykill Fjölbrautaskóla Snæfellinga var samþykktur af Þjóðskjalasafni Íslands 10. september 2018. FSN notar skjalavörslukerfið GoPro og fékk samþykki fyrir rafrænni skráningu gagna frá og með 1. janúar 2020.

## 6 Græn skref

FSN er um það bil að landa fyrsta [Græna skrefinu](#) og munu fleiri skref fylgja í kjölfarið. Hleðslustöð fyrir rafbíla var sett upp við skólann og verið er að undirbúa uppsetningu á varmadælu, en skólinn er staðsettur á svokölluðu „köldu svæði“ og rafmagnskynding því mjög dýr.

## 7 Sjálfsmat

Við skólann starfar sjálfsmatshópur sem vinnur samkvæmt lögum um framhaldsskóla

Sjálfsmatshópur hefur unnið að hefðbundnu innra mat og sjá má skýrslu um sjálfsmat á heimasíðu skólans [Skýrslur um sjálfsmat FSN](#) og þar má einnig sjá [sjálfsmatsáætlun](#) skólans.

Vegna samkomutakmarkana var aðeins haldinn einn húsfundur á árinu. Á húsfundinum, sem haldinn var í desember á TEAMS ræddu nemendur og starfsfólkið skólastarfið og hvað færi vel og hvað mætti fara betur.



Ytra mat á starfsemi FSN fór fram á vor- og haustönn 2020. Matið er liður í eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytisins með starfsemi framhaldsskóla. Menntamálastofnun annast framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið og fól Kristjáni B. Halldórssyni og Laufeyju Petreu Magnúsdóttur að annast það og eru þau höfundar skýrslunnar. [Hér má sjá skýrslu um ytra mat á haustönn 2020.](#)

## 8 Afkoma, rekstrarstaða

Í FSN er alltaf unnið með það í huga að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á hverjum tíma. Þetta markmið náðist því miður ekki árið 2020. Helstu ástæður fyrir því voru m.a. að skólinn tók yfir rekstur á mótuneyti og það reyndist vera mjög kostnaðarsamt og launakostnaður vegna veikinda fór fram úr áætlun. Þá voru ýmis verkefni tengd jafnlaunavottun, skjalastjórnun og COVID 19 dýr og ekki gert ráð fyrir þeim í áætlunum.

## 9 Árangur af markmiða setningu í stefnumiðaðri áætlun 2020-2022

Markmið í stefnu FSN	Staða árangursmælikvarða	Framvinda og ávinningur af áhersluverkefni
<b>Markmið A1</b> Að auka aðgengi að tækni-, starfs- og framhaldsnámi þar sem gæði eru tryggð.	Á haustönn 2020 var unnið að gerð nýsköpunar- og frumkvöðlabrautar. Verkefnið um samkomulag um starfsnám á landsbyggðinni hefur ekki náð flugi á árinu og má telja að ástæðan fyrir því liggi í COVID 19.	Við bindum enn vonir við þetta samstarf og vonumst til að nemendur okkar hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi. Við stefnum að því að geta innleitt sameiginlegt undirbúningsnám á 1. og 2. þrepi í löggiltum iðngreinum. Við erum líka mjög spennt fyrir nýrri nýsköpunar- og frumkvöðlabraut.
<b>Markmið A2</b> Fylgst verður með hlutfallslegri aukningu á útskriftum á brautum. Staðan verður tekin eftir fjögur ár frá innritun. Stefnt er að því að fjölga	Skimunarpróf hafa verið notuð til að skilgreina nemendur sem eru í áhættuhópum, unnið er að endurskoðun á námsbrautum skólans, þar	Stór hluti nemenda lýkur stúdentsprófi á tilskildum tíma. Áfram er unnið að því að minnka brottfall.




nemendum sem útskrifast á tilskildum tíma og sinna þeim sem eru í áhættu á slöku gegni í námi og brotthvarfi úr skóla.	með talið framhaldsskólabrautum.	
<b>Markmið A3</b> Efla ímynd skólans og kynningu á starfsemi hans, m.a. fjarnámsmöguleika við skólann.	Unnið er að stuttum kynningarmyndböndum til að setja inn á síðu skólans og nota þegar verið er að kynna skólann fyrir 10.bekkingum. Unnið er skipulega að því að auka umferð á instagram síðu skólans.	Með aukinni kynningu á samfélagsmiðlum verður skólinn þekktari sem ákjósanlegur valmöguleiki til að sækja um skólavist.
<b>Markmið B1</b> Að efla mannauð skólans, allir nemendur og allt starfsfólk sé metið að verðleikum,	Skólinn er vel mannaður og nær allar stöður skipaðar einstaklingum með tilskylda menntun eða einstaklingum sem eru að ljúka námi.	Niðurstöður í viðhorfskönnunum, stofnun ársins og frá húsfundum sýna ánægju með starfsemi skólans.
<b>Markmið B2</b> FSN tekur á fullan þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli.	Heilsueflingarteymi hefur unnið í vetur að því að skrifa heilsustefnu FSN og yfirfara gátlista Lýðheilsustofunar.	Skipulega unnið að fræðslu og forvörnum. Íþróttáfangar endurskoðaðir og boðið upp á fjölbreytt nám í lýðheilsu. Íþróttabraut í boði.
<b>Markmið B3</b> Allar stefnur og áætlanir uppfærðar og skólanámskrá skrifuð.	Skólanámskrá hefur verið skrifuð upp og yfirfarin. Stefnur og áætlanir eru aðgengilegar á síðu skólans og hafa verið yfirfarnar.	Unnið verður markvisst eftir stefnum og áætlunum.

## 10 Brotthvarf

Við vinnum að því að minnka brottfall eins og hægt er. Ef nemendur ná ekki að uppfylla skólareglur vegna ástundunar þá er þeim boðið að skrifa upp á samning við skólameistara um bættu ástundun. Námsráðgjafi hefur þá hitt nemendur reglulega og hjálpað þeim við að skipuleggja vinnu sína og bæta ástundun í náminu. Þessi aðferð hefur gefist mjög vel og hefur orðið til þess að nemendur taka sig á í náminu og ná oft tilskildum árangri. Á árinu fengu umsjónarkennara nýnema meiri tíma til að



sinna umsjónarnemendum sínum, eldri nemendur fengu aftur umsjónarkennara og staða námsráðgjafa var aukin úr 50% í 60%.



Árlegt nýnemabrotthvarf er nú 4% fyrir nýnemaárganginn 2019 og hefur það lækkað þó nokkuð undanfarin ár, eða stöðugt frá 2016-17 þegar það stóð í 7,3%. Mælingar ná aftur til 2010-11 og var það lengst af í kringum 7% til 2016-17 að 2015-16 undanskildu þegar það lækkaði um ca. eitt prósentustig frá árunum áður.

## 11 Samvinna við aðra

Samstarf við aðra Fjarmenntaskóla hefur haldið áfram og hafa skólar skipt nemendum á milli sín, þ.e. ef FSN getur ekki boðið upp á áfanga sem nemenda vantar í námsferilinn sinn, þá býðst honum að sækja nám í einhverjum af hinum Fjarmenntaskólunum. Einnig stunda nemendur annarra fjarmenntaskóla fjarnám við FSN.

Áframhald hefur orðið á samvinnu við grunnskólana á upptökusvæði skólans. Tveir fundir voru haldnir með skólastjórnendum á Snæfellsnesi og samstarf næsta vetrar skipulagt. svæðinu. Við höfum boðið upp á svokallaðan Framhaldsskólahermi þar sem nemendum 10.bekkja var boðið að koma og vera nemendur í FSN einn dag. Þessi dagur hefur komið í staðinn fyrir opið hús og hefur gefist vel og vakið lukku hjá nemendum. Þá höfum við sameinast um fræðsludaga með leik- og grunnskólum á Snæfellsnesi.





10. bekkingar á upptökusvæði skólans, þ.e. á norðanverðu Snæfellsnesi og frá sunnanverðum Vestfjörðum hafa átt kost á því að sækja nám í inngangsföngum í FSN hafi þeir lokið námsefni á 1. þrepi.

Starfsbrautin hefur átt gott samstarf við ýmis fyrirtæki á svæðinu en nemendur á brautinni hafa farið í starfsnám, kynninga og heimsóknir.

Vinna við Erasmusverkefni hefur legið niðri vegna COVID 19.

## 12 Lokaorð

COVID-19 faraldurinn hafði áhrif á skólastarf í FSN eins og í öðrum skólum. Það verður samt að segjast eins og er að við sáum ýmislegt í nýju ljósi í þessum faraldri og takmörkunum á skólastarfi. Nemendur mættu í tíma á netinu samkvæmt stundaskrá og kennarar kenndu að heiman frá sér og hittu nemendur með hjálp forritsins TEAMS. Nemendur skiluðu verkefnum, tóku próf og luku náminu samkvæmt kennsluáætlunum. Við upplifðum að bæði nemendur og starfsfólk var mjög vel undirbúið og tilbúið til að takast á við kennslu af þessu tagi og engin stórvægileg vandamál komu upp. Enn einu sinni sannar þessi skóli hvað þær kennsluaðferðir sem hér hafa verið notaðar frá upphafi skólans eru í takti við nýja tíma og ég held að nemendur okkar séu tilbúin að vera þátttakendur í hinni títt nefndu fjórðu iðnbyltingu.

Við horfum bjartsýn til framtíðar. Vissulega erum við að fást við það vandamál að nemendum mun fækka í 10. bekkjum á upptökusvæði skólans á næstu árum en fjölgun fjarnemenda hefur valdið því að nemendafjöldi er svipaður og síðastliðin ár. Við viljum halda áfram að vera góður skóli fyrir bæði dagskólanemendur og fjarnemendur og vera framsækinn framhaldsskóli en það eru einkunnarorð skólans.